

# Aðalfundur Rauða kross Íslands

## haldinn í Íþróttahúsinu að Varmá í Mosfellsbæ

### 21. maí 2005

---

Fundur hófst kl. 9:09

#### Setningarávarp

*Úlfar Hauksson formaður Rauða kross Íslands*

Í upphafi máls síns bauð formaður fundarmenn velkomna til aðalfundar. Ræddi hann m.a. um starfið í deildum Rauða krossins og sagði það hafa aukist að stjórnvöld hefðu treyst Rauða krossi Íslands fyrir miklum verkefnum á sviði mannúðarmála. Ræddi hann um skort á mannúð og að víða ríkti fullkomið skeytingarleysi um hagsmuni þeirra sem minnst mættu sín og því væri hugsjón hreyfingarinnar enn að styrkjast, hugsjónin að vernda líf og heilsu. Hann sagði að Þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna væri að lækka hlutfall þess fólks sem býr við örbirgð um helming á tímabilinu 1990 – 2015 en um 800 milljónir manna vantaði mat daglega. Hann þakkaði einnig það mikla traust sem Rauða krossi Íslands hafi verið sýnt af almenningi og stjórnvöldum í kjölfar flóðanna miklu í Asíu um síðustu jól. Þá ræddi hann um mikilvægi þess að útbreiða þekkingu á Genfarsamningunum. Hann sagði umhugsunarvert að ekki gengi eins vel og áður að fá ríkari þjóðir til láta nægjanlegt fjármagn af hendi rakna til verkefna á sviði mannúðarmála.

Formaður ræddi um að hér heima fyrir væri mikilvægt að kanna hvaða hópar það væru í þjóðfélaginu sem byggju við hvað lökust kjör og þá hvar Rauði kross Íslands ætti að bera niður þeim til aðstoðar. Vaxandi áhyggjur væru vegna hættu á að heimsfaraldur, s.s. fuglaflensa, bærst hingað til lands og að 50–60% þjóðarinnar gætu veikst. Hvað varðaði varnaðaraðgerðir væri Rauði krossinn ofarlega í huga heilbrigðisþjónustunnar í landinu.

#### Ávarp frá Mosfellsbæ

*Ragnheiður Ríkharðsdóttir bæjarstjóri*

Bæjarstjórinn bauð aðalfundargesti Rauða krossins velkomna í Mosfellsbæ. Þakkaði þá ánægju og þann heiður að Rauði kross Íslands skyldi hafi valið að halda aðalfundinn í Mosfellsbæ. Minnti hún á mikilvægi liðsheildar og nauðsyn þess að allir í liðinu vissu hvaða leik ætti að leika og á þann hátt hefði Rauði krossinn byggt upp sitt starf. Hún sagði mikilvægt að innan hvers bæjarfélags væri fólk og félagasamtök eins og Rauði krossinn þar sem fólk væri tilbúið að verja frítíma sínum í þágu samborgaranna.

Að lokum bauð hún fundarmönnum að þiggja hádegisverð í boði bæjarfélagsins í Hlégarði.

### **Viðurkenningar til sjálfbóðaliða og verkefna deilda**

*Úlfar Hauksson* þakkaði gestrisni Mosfellinga. Hann kynnti næst viðurkenningar Rauða krossins, en venja hefur verið að veita þær á aðalfundum nú síðustu árin. Viðurkenningu fékk að þessu sinni Ingvi Þór Guðjónsson A-Húnavatnssýsludeild. Hann var formaður deildarinnar í áraraðir og m.a. annars hefur hann verið ópreytandi við að útbreiða þekkingu á skyndihjálpi. Þórmundur Skúlason tók við viðurkenningunni fyrir hans hönd.

Eftirtalin verkefni fengu viðurkenningu:

Móráll – 20 unglingar í Kjósarsýsludeild sem tekið hafa mikinn þátt í starfinu og settu m.a. á svið spunaverkefni til að auka þekkingu á Genfarsamningunum. Fulltrúar Mórals, hópur ungmenna, tóku við viðurkenningunni.

Skyndihjálparhópur Reykjavíkurdeildar fékk viðurkenningu fyrir sín störf, en hann heldur á lofti merkjum skyndihjálpar og tekur meðal annars að sér að gæslu á stórum hátíðum og viðburðum.

Þessu næst hófust venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt 5. gr. laga Rauða kross Íslands

### **1. Stjórnin athugaði kjörbréf fulltrúa deilda og lagði fram til úrskurðar fundarins.**

*Úlfar Hauksson formaður Rauða kross Íslands*, sagði að mættir væru 98 aðalfundarfulltrúar frá 43 deildum. Fór hann þess á leit við fundarmenn að ekki þyrfti að lesa upp nöfn fundarmanna vegna þess tíma sem að það tæki og var það samþykkt.

Kjörbréf voru síðan borin undir fundinn og þau samþykkt.

### **2. Skipun embættismanna fundarins:**

Formaður gerði tillögu um að *Árni Gunnarsson* yrði fundarstjóri. Var það samþykkt og tók hann síðan við stjórn fundarins.

### **3. Fundarritarar kosnir:**

Gerð var tillaga um að *Guðný H. Björnsdóttir* svæðisfulltrúi á Norðurlandi og *Sveinn Kristinsson* svæðisfulltrúi á Vesturlandi rituðu fundargerð aðalfundarins. Var það samþykkt.

#### 4. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til umræðu og staðfestingar

Eftirfarandi athugasemdir komu fram:

*Garðar Guðjónsson* sagði að breytingartillaga við lagabreytingarnar hefði verið lögð fram af Kópavogsdeild en ekki honum einum.

Eins sagði hann að breytingartillaga við 14. gr. ætti að vera á eftir 1. tölulíð breytingartillögu við 20. og 21. gr.

*Unnur Hjálmarsdóttir* gerði athugasemd við liðinn **Önnur mál** og sagðist hafa mótmælt því að fundarstjóri hefði gert athugasemd við tillögu hennar og taldi það ekki vera hans hlutverk. Ef gerðar væru athugasemdir ættu þær að koma frá fundarmönnum.

Fundargerðin borin upp og samþykkt með áorðnum breytingum með öllum greiddum atkvæðum.

#### 5. Skýrsla stjórnar Rauða kross Íslands um síðasta starfsár lögð fram til umræðu

*Úlfar Hauksson formaður* flutti skýrslu stjórnar.

Í upphafi fjallaði hann um viðburðaríkt starf félagsins og hversu starfið í deildum héldi áfram að eflast. Hann gat um þann mikla velvilja landsmanna sem birtist m.a. í miklum fjárstuðningi, bæði í söfnuninni Göngum til góðs og ekki síður í lok árs, þegar fólkið í landinu afhenti félaginu mikla fjármuni í þeirri vissu um að félagið gæti ábyrgt skilvirka nýtingu fjármunanna.

##### **Barna og ungmennastarf**

Formaðurinn gat þess að á vegum stjórnarinnar hefur verið unnið að því að útfæra tillögur um starf félagsins með börnum og ungmennum, en vinnuhópur sem var að störfum um þau mál skilaði niðurstöðum til stjórnar í árslok 2003. Lagt er þar til að sumarbúðastarf verði eftir þar sem að boðið verði uppá fjölbreytt námskeið í anda mannúðarhugsjóna Rauða krossins og að þjálfun í verkstjórn í barna- og ungmennastarfi verði aukin.

##### **Alþjóðlegt hjálparstarf**

Á sl. ári ákvað stjórnin að alþjóðastarf félagsins yrði endurskoðað og þau markmið í stefnunni, sem snúa að því útfærð nánar. Í ljósi breyttra starfsskilyrða hefur alþjóðastarf Rauða krossins tekið töluverðum breytingum. Má þar t.d. nefna alþjóðavæðinguna, nýja tegund átaka (þ.e.a.s. stríð gegn hryðjuverkum), vaxandi samkeppni um athygli almennings, fjölmiðla og fjárframlög til alþjóðastarfs.

Helstu áherslur sem nú liggja fyrir er einkum þrenns konar:

- skýrt og vandað verkefnaval;

- kappkostað verði að nýta betur þekkingu og reynslu innan Rauða kross Íslands í hjálparstarfi;
- fjölbreyttari og traustari fjáröflun til alþjóðastarfsins.

Stjórnin hefur fjallað um þessa tvo málaflokka, þ.e. barna- og ungmennamál og alþjóðstarfið með það fyrir augum að útfæra stefnu félagsins til ársins 2010.

Eins og mönnum er kunnugt er ár síðan að gerðar voru talsverðar skipulagsbreytingar á skipulagi landsskrifstofunnar í samræmi við stefnu félagsins. Niðurstöður úr könnunum sem gerðar voru meðal deildafólks voru jákvæðar og vaxandi ánægja er með þjónustu skrifstofunnar.

### **Fjármál**

Stjórnin hefur unnið að því að treysta frekar fjárhagslegan grundvöll félagsins. Eins og kynnt hefur verið, var húseignin að Rauðarárstíg 18 seld á sl. ári og var söluhagnaðurinn, tæpar 307 milljónir kr. lagður í varasjóð félagsins og stendur nú varasjóðurinn í um 900 milljónum króna. Jafnframt hefur stjórnin samþykkt nýja fjárfestingastefnu fyrir félagið og verður fé ávaxtað á bankareikningum með sérkjörum og í áhættulitlum verðbréfasöfnum. Einnig hefur verið skipaður starfshópur á vegum stjórnar til að skoða og móta stefnu í málefnum Íslandsspila.

Á formannafundinum í apríl voru ræddar tillögur um hvernig koma megi á samstæðureikningi fyrir félagið og tóku fundarmenn vel í þær tillögur. Í þeim er gert ráð fyrir að samstæðureikningur verði gerður á árinu 2006 vegna rekstrarársins 2005. Síðan er gert ráð fyrir að stærstu deildirnar og landsskrifstofan færi bókhald sitt í Agressóbókhaldskerfinu frá og með ársbyrjun 2007. Lokaáfangi verði svo náð árið eftir, en þá er gert ráð fyrir að allar starfseiningar innan félagsins noti sama kerfi. Formaður gat þess að tillögurnar yrðu lagðar fyrir fundinn seinna í dag.

### **Lagabreytingar**

Tillögur að breyttum lögum fyrir félagið verða lagðar fram á aðalfundinum. Gengið hefur verið frá nýjum starfsreglum fyrir Ungmennahreyfingu Rauða krossins, þar er m.a. ýtarlega skilgreind hlutverk stjórnar, landsfundar, hverjir séu félagar o.fl. og lagt er til að allir félagar undir þritugu verði sjálfkrafa félagar í Ungmennahreyfingunni. Þessar reglur ásamt reglum um deilda- og svæðastarf þarf að endurskoða og yfirfara í framhaldi af væntanlegri samþykkt nýrra laga.

### **Alþjóðamál**

Undanfarin 2–3 ár hefur farið fram mikil umræða innan alþjóðasambandsins um framtíð þess. Hana má einkum rekja til fjárhagserfiðleika sem stafa að miklu leyti af því að bandaríski Rauði krossinn hefur ekki greitt fastagjald sitt sl. fjögur ár. Í vaxandi mæli hafa sterk landsfélög hneigst til að framkvæma á eigin spýtur margt sem fellur undir þróunar- og neyðaraðstoð. Í ríkum samfélögum, gera menn greinilega vaxandi kröfur um sýnileika heima fyrir og auglýsingagildi.

Þetta hefur leitt til umræðu um breytt skipulag á starfi Alþjóðasambandsins þar sem skoðun hinna sterku virðist vera að Alþjóðasambandið eigi að vera samræmingarsamtök, til að tryggja alþjóðlegt yfirbragð og samstarf. Aðgerðarhæfni og framkvæmdagetu geti ríku landsfélögin annast sjálf.

Rauði kross Íslands hefur lýst þeirri skoðun stjórnar félagsins að við þessari þróun þurfi að spyrna þar sem að grundavallarhugsjónir hreyfingarinnar geti orðið í hættu. Krafa um sýnileika muni að einhverju leyti leiða til skilyrtra fjárfirlaga sem geti komið í veg fyrir að hreyfingin sinni þeim mest þurfandi. Rauði kross Íslands mun láta til sín taka á þessum vettvangi, þó smá séum getum við lagt mikið að mörkum og ekki hvað síst í samstarfi með norrænu landsfélögum. Ísland fer með eitt atkvæði alveg eins og Kína.

### **Starf í deildum**

Starf í deildum Rauða kross Íslands hefur blómstrað á liðnu ári og nefndi formaður í því sambandi sérstaklega átaksverkefni þrjú, þ.e. heimsóknarþjónustuna, stuðning við geðfatlaða og forvarnir fyrir börn og ungmenni. Langflestar deildir sinna þessum verkefnum með einum eða öðrum hætti. Heimsóknarþjónustan hefur verið að eflast en á sl. ári starfræktu 16 deildir þessa þjónustu og eru 12 deildir til viðbótar sem hyggjast byrja á þessu verkefni.

Þjónusta við geðfatlaða og aðstandendur þeirra hefur aukist að undanförmu. Þarfagreiningar hafa verið gerðar á svæðisvísu og var hringnum lokað á þessu ári. Deildir hafa nýtt sér þessar greiningar til að hrinda af stað verkefnum í þágu geðfatlaðra og einnig í málsvarastarfi gagnvart stjórnendum heilbrigðisþjónustunnar í landinu.

Deildir standa nú í rekstri fjögurra ungmennahúsa, þ.e. á Sauðárkróki, Húsavík, Hveragerði og Egilsstöðum. Rekstur tveggja eldri húsa er nú kominn í hendur sveitarfélaga, þ.e.a.s. á Ísafirði og Akranesi. Deildir á Snæfellsnesi standa að forvarnarverkefni á svæðinu og víða annars staðar eru slík

forvarnarverkefni að fara af stað. Tvær deildir ætla að þróa nýtt verkefni sem er að koma á fót stuðningsfjölskyldum fyrir framhaldsskólanema.

Það er því óhætt að segja að ötullega sé unnið að áhersluverkefnum félagsins enda þótt alltaf megi gera betur. Það er tilgangur okkar félags og þar með tilverugrundvöllur að við veitum þeim sem minnst mega sín einhverja þjónustu sem gerir þeim lífið léttbærara og betra.

Í lok máls síns hvatti Úlfar til áframhaldandi dáða. Rauði kross Íslands er öflugt landsfélag sem býr yfir vel þjálfuðum sjálfbóðaliðum og starfsfólki og saman getum við lyft Grettistöfum.

## **6. Endurskoðaðir reikningar síðasta reikningsárs voru lagðir fram til umræðu og atkvæðagreiðslu**

*Ólafur Ólafsson gjaldkeri* Rauða kross Íslands lagði fram reikninga félagsins og skýrði þá. Heildartekjur félagsins árið 2004 voru 1.197.409 þúsund krónur. Þar af námu tekjur af söfnunarkössum Íslandsspila 502.412 þúsundum króna og höfðu þá dregist saman frá árinu 2003 um tæpar 15 milljónir króna. Annar stærsti tekjuliður, hagnaður af sölu Rauðarárstígs 18, var 306.874 þúsund krónur.

Rekstrarafgangur Rauða kross Íslands árið 2004 nam 310.724 þúsundum króna á móti 39.690 þúsundum króna hagnaði rekstrarárið 2003 og munar þar mest um hagnað af sölu Rauðarárstígs 18.

## **Skýrsla stjórnar og ársreikningar lögð fram til umræðu**

*Ingibjörg Lilja Dýrskjöldur* leitaði eftir skýringum á þeim hækkunum sem að orðið hafa á varasjóði félagsins.

*Úlfar Hauksson* svaraði því til að lengst af hafi verið 300 milljónir í sjóðnum en hækkunin væri vegna söluhagnaðar á Rauðarárstíg 18 og eins hefði lausafé félagsins sem orðið hafði til á þeim tíma sem tekjur félagsins voru að aukast einnig verið lagt í sjóðinn. Næmi nú varasjóðurinn um 900 milljónum sem ætti að nægja til rekstrar félagsins í um það bil eitt ár.

*Stefán Pálsson* spurði hvort ekki væri hægt að koma eftirlaunaskuldbindingum út úr ársreikningum félagsins með því að greiða þá inn í séreignasjóði þar sem að þeir yrðu skráðir á nafn viðkomandi.

*Sigríður Magnúsdóttir* lagði til að inn í ársreikning yrðu sett súlu- og kökurit til að gera þá læsilega.

*Gjaldkeri* tók undir óskir Sigríðar. Varðandi eftirlaunaskuldbindingarnar svaraði hann því til að fullur vilji væri fyrir því að losna við þær úr reikningum

félagsins en að það hafi ekki gengið til þessa vegna þessa að þær væru í B-deild lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

*Sigrún Árnadóttir* sagði að þessar skuldbindingar væru vegna starfsmanna frá fyrri tíð og að í dag væru engir starfsmenn sem að greiddu í lífeyrissjóði með þessu fyrirkomulagi.

Að loknum þessum umræðum voru reikningarnir bornir upp og samþykktir samhljóða.

## **7. Fjárhagsáætlun næsta starfsárs lögð fram til umræðu**

*Ólafur Ólafsson gjaldkeri* kynnti og lagði áætlunina fram til umræðu.

Gert er ráð fyrir að tekjur félagsins dragist saman. Hagnaður af sölu Rauðarárstígs 18 skýrir að hluta þennan samdrátt. Kassatekjur árið 2004 voru 502.412 þúsund krónur. Áætlun fyrir árið 2005 gerir ráð fyrir 480.000.000 krónum í tekjur af söfnunarkössum. Heildartekjur eru áætlaðar 829.360.000 krónur á móti 1.275.340.000 krónum árið 2004.

Gert er ráð fyrir að tap félagsins vegna ársins 2005 verði 4,3 milljónir króna.

Kaffihlé.

*Úlfar Hauksson* kvaddi sér hljóðs og kynnti nýja formenn deilda. Þeir eru:

Bjarni Þorsteinsson Borgarfjarðardeild, Ragna Gunnarsdóttir Dalvíkurdeild, Ásta Tryggvadóttir Eskifjarðardeild, Elín M. Elísdóttir Fáskrúðsfjarðardeild, Ólafur R. Gunnarsson Garðabæjardeild, Guðrún Matthíasdóttir Hvammstangadeild, Sigrún Sigurðardóttir Ólafsfjarðardeild, Stefán Ingvason Reykjavíkurdeild, Elfa Ármannsdóttir Snæfellsbæjardeild, Gísli Sigmarsson Vopnafjarðardeild og Ingibjörg Halldórsdóttir formaður Ungmennahreyfingarinnar

## **8. Framkvæmdaáætlun næsta starfsárs lögð fram til umræðu**

*Sigrún Árnadóttir framkvæmdastjóri* gerði grein fyrir áætluninni.

Hún sagði að rauði þráðurinn í framkvæmdaáætlun Rauða kross Íslands árið 2005 tæki mið af stefnu og leiðarljósi félagsins en aldrei væri hægt að setja öll verkefni á áætlun, hamfarir væru þar á meðal.

Á annan dag jóla urðu einar mestu hamfarir seinni ára þegar flóðbylgjan mikla skall á löndunum við Indlandshaf í kjölfar jarðskjálfta sem mældist 9,3 á Richter. Á þriðjahundrað þúsund manns fórust eða týndust og er talið að 6 milljónir manna hafi misst heimili sín. Vegna þess mikla stuðnings og samúðar sem almenningur á Íslandi sýndi gat Rauði kross Íslands stutt hjálparstarfið

með myndarlegum hætti. Á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs veitti Rauði krossinn tæpum 20 milljónum kr. og hafa 13 sendifulltrúar á hans vegum verið að störfum á svæðinu. Að auki gaf flugfélagið Atlanta flutning á hjálpargögnum sem metið er á um 10 milljónir kr. Þar eins og hér byggist hjálparstarf Rauða krossins á sjálfbærliðum og er talið að um 22 þúsund sjálfbærliðar hafi tekið þátt í hjálparstarfinu.

Ljóst er að almenningur hér á landi er fús til að styðja fólk í mikill neyð enda þótt hún sé á fjarlægum slóðum. Við erum hluti af sterkri hreyfingu sem bregst vel við í neyð hér á landi sem annars staðar. Ef einhverjar hamfarir dynja yfir okkur Íslendinga verður leitað til Rauða krossins og þá reynir á hvort okkar neyðarvarnarkerfið sé vandanum vaxið.

Markmiðið félagsins er að auka þekkingu á grundvallarmarkmiðum og gildum Rauða krossins en kannanir sýna að ekki veitir af. Nýleg rannsókn leiddi í ljós að afstaða unglunga í níunda og tíunda bekk grunnskóla gagnvart fólki af erlendu bergi brotnu er að haðna. Þeim fjölgar sem telja að nýbúar eigi ekki að hafa sömu réttindi og aðrir Íslendingar. Við þessu þarf að bregðast. “Viðhorf og virðing” er ný tegund námskeiðs sem nýtast mun í þessum tilgangi og hefur leiðbeinendum verið fjölgað um 24 og er gert ráð fyrir átaki með haustinu sem beinist að fyrirtækjum og stofnunum.

Áfram verður haldið að útbreiða þekkingu á Genfarsamningunum. Landsskrifstofan er að vinna að námsefni fyrir skólana um alþjóðleg mannúðarlög sem kallað er “Pælingar um mannúð og réttlæti” og er ætlað unglingum í efstu stigum grunnskóla og í framhaldsskóla. Einnig hefur verið vakin athygli utanríkisráðuneytisins á mikilvægi þess að friðargæsluliðar á vegum þess séu vel að sér í mannúðarlögum. Væntanlega mun skipulögð sérstök fræðsla af þessum sökum og standa yfir viðræður við stjórnvöld um að sett verði á laggirnar landsnefnd um alþjóðleg mannúðarlög.

Verið er að móta og undirbúa verkefni til næstu fjögurra ára sem miðar að því að efla virðingu, umburðarlyndi og skilning einkum fyrir nýjum íbúum landsins. Markmiðið er að bæta aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi og öfugt.

Meðal nýjunga í neyðarvörnum er framhaldsnámskeið sem stendur þeim fjöldahjálparstjórum til boða er lokið hafa námskeið í sálrænni skyndihjálp. Á námskeiðinu er einkum fengist við úrlausnir tilbúinna aðstæðna. Á árinu verða



haldnar flugslysa- og neyðarvarnaæfingar og eru deildir hvattar til virkrar þátttöku. Að æfingunum vinna margir viðbragðsaðilar en Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra eða Flugmálastjórn sjá um heildarskipulag.

Nú hafa reglur um hvaða þjónustu er veitt fólki sem lendir í skyndilegum áföllum eða öðrum þrengingum verið samræmdar. Væntingar standa til að deildir tileinki sér þau vinnubrögð sem fylgja nýju vinnulagi til þess að aðstoðin verði markviss og að samfélaginu sé ljóst hvers konar stuðnings megi vænta frá Rauða krossinum fyrir fólk í neyð. Landsskrifstofan mun eftir óskum aðstoða deildir við innleiðingu breytts fyrirkomulags.

Unnið hefur verið nýtt kennsluefni fyrir ökukennara, almennt ökunám og meirapróf. Í mótun er námskeið fyrir starfsfólk grunnskóla í almennri og sálrænni skyndihjálpi og verður fyrsta námskeiði haldið í ágúst. Ekki verður haldið sérstaklega upp á Evrópudaginn í skyndihjálpi, þess í stað tók félagið þátt ásamt fleirum í svokölluðum 112 degi þann 11.2. sl. Næsta ár verður athygli á neyðarþjónustu og neyðarviðbrögðum vakin með svipuðu fyrirkomulagi. Vonast er til að deildir láti ekki sitt eftir liggja í þeim efnum.

Nýlega var haldið stórt vinnuþing um áfallahjálpi sem Rauði krossinn átti aðild að og voru kallaðir saman allir þeir aðilar í landinu sem sinna áfallahjálpi, m.a. með það fyrir augum að ræða og stuðla að heilstæðu skipulagi áfallahjálpar til framtíðar. Skýrsla með niðurstöðum mun verða birt sem nýttast munu við skipulagsvinnu.

Rauði krossinn vill áfram sinna sjúkraflutningum þannig að sjúklingar fái örugga og góða þjónustu óháð hvar þeir búa. Félagið rekur nú 74 sjúkrabifreiðar. Á síðustu mánuðum hafa verið teknir í notkun tíu nýir sjúkrabílar og voru þeir keyptir að undangengnu útboði. Stóra verkefnið í sjúkraflutningum er nú að endurnýja samninginn við stjórnvöld og eru viðræður þegar hafnar. Stefnt er að samningsdrög verði tilbúin fyrir lok júní.

Stærsta verkefni félagsins í neyðavörnum á þessu ári er vegna hamfaranna í Asíu, jafnframt hefur verið brugðist við neyðarbeiðnum vegna vetrarhörku í Afganistan og Júgóslavíu og vegna fellibyls í Karabíska hafinu. Beiðnir eru metnar þegar þær berast og viðbrögð ákveðin. Svo virðist sem umfang náttúruhamfara og áhrifa þeirra sé að magnast og slíkar hamfarir nái yfir stór landssvæði. Það hefur m.a. í för með sér aukin vilja almennings um allan heim til að létta undir með þeim er fyrir áföllunum verða.

Á sama tíma verður vart við aukna spennu í heiminum, einkum í kjölfar hryðjuverkaárásanna í Bandaríkin 11. september, fylkingar myndast milli þjóða og innan þeirra. Þetta kann til lengri tíma litið að hafa þær afleiðingar að samúð og hluttekning minnki. Hernaðaraðgerðir og uppbyggingarstarf eru samofnari en áður. Hermenn taka æ oftar þátt í dreifingu hjálpargagna og því er erfiðara fyrir hjálparstofnanir að sannfæra stríðandi fylkingar um hlutleysi sitt. Þetta ógnar mjög starfsemi Alþjóðaráðsins sem aðstoðar fórnalömb stríðsátaka. Við munum eftir getu senda sendifulltrúa til starfa á áttaksvæðum. Söfnunin “Göngum til góðs” sl. haust skilaði metárangri og verður því fé varið til að styðja börn sem þjást vegna stríðsátaka. Deildir félagsins hafa ekki síður en almenningur stutt myndarlega við neyðarbeiðnir og sýnir það vilja deildarfólks til að taka virkan þátt í hjálparstarfi hvort sem er innanlands eða utan.

Landskönnunin “Hvar þrengir að?” sem birt var í ársbyrjun 2000 sýndi að hópar sem hvað mest höllum fæti stóðu voru börn og ungmenni í vanda, geðfatlaðir og einmana og einangrað fólk. Landsfélagið hefur unnið og þróað þjónustu fyrir þá hópa. Nú er hafinn undirbúningur á nýrri landskönnun og mun hún liggja fyrir í lok árs eða byrjun árs 2006.

Heimsóknarþjónusta er eitt af okkar áhersluverkefnum og byggist hún á niðurstöðum síðustu könnunar og er uppbygging hennar fagnaðarefni. Annað verkefni er námskeið fyrir aðstandendur geðfatlaðra og annað áhugafólk sem greinilega mætti brýnni þörf. Í framhaldi af þessum námskeiðum hafa verið stofnaðir stuðningshópar aðstandenda. Nú í vor lýkur þarfagreiningum á stöðu geðfatlaðra, samantekt um megin niðurstöður frá svæðunum verður kynnt á ráðstefnu 7. október nk.

Hjálparsíminn er þriðja verkefnið en innhringingar hafa meira en þrefaldast á einu ári og verið er að safna saman upplýsingum um þjónustu deilda svo hægt sé að leiðbeina fólki sem hringir inn. Í febrúar sl. var athygli sérstaklega vakin á heimilisofbeldi og umfjöllun um samkynhneigð er fyrirhuguð í október.

Á erlendri grund eru stærstu þróunarverkefni tengd alnæmisvandamum og hefur Afríka orðið þar hvað harðast úti. Nú styður félagið alnæmisverkefni í Malaví, Mósambík og Suður-Afríku. Smitaðir fá heimahlynningu með aðstoð sjálfboðaliða, munaðarlaus börn fá stuðning, unnið er að forvörnum og fræðslu og málsvarastarf unnið til að draga úr fordómum gagnvart smituðu fólki. Stórt verkefni í samvinnu við Þróunarsamvinnustofnun Íslands og mósambíska Rauða krossinn um uppbyggingu heilsugæslustöðvar í nágrenni höfuðborgarinnar Mapútó. Að auki bætist við vinadeildasamstarfið, þar hefur fjölgað virkum

sjálfbóðaliðum og jafnframt eru tengsl og upplýsingaflæði milli vinadeildanna að batna.

Rauði krossinn hefur tekið þátt í að stofna 9 ungmennahús sem sannað hafa gildi sitt sem liður í forvörnum. Hlutverk Rauða krossins hefur verið að koma húsunum á stofn en síðan smám saman dregið sig í hlé. Deildir styðja áfram við verkefni í húsunum.

Stuðnings við fólk af erlendum uppruna til að auðvelda því aðlögun að íslensku þjóðfélagi er þörf þar sem að kannanir sýna vaxandi fordóma í þeirra garð. Ekki hefur verið gengið frá nýjum samningi á milli Félagsmálaráðuneytisins og Rauða krossins um móttöku flóttamanna en samt er verið að undirbúa komu flóttamanna til landsins á þessu ári. Um er að ræða konur frá Kosovó og Kólumbíu sem búa við ógn og óttast um líf sitt og barna sinna. Þjónusta við hælisleitendur hefur tekið breytingum og áherslur Rauða krossins, málsvarastarf og réttargæsla.

Sjálfbóðaliðar hafa aldrei verið fleiri en nú, tölur sýna að þeim hefur fjölgað um 20% á sl. ári og hafa nú verið gerðir 1200 sjálfbóðaliðasamningar. Námskeið fyrir sjálfbóðaliða eru í stöðugri þróun og gert er ráð fyrir að landsskrifstofan haldi áfram á þeirri braut.

Áhersla er á aukna þátttöku ungs fólks í Rauða kross starfi. Ungmennahreyfing félagsins á 20 ára afmæli á þessu ári og Þóra Kristín Ásgeirsdóttir var nýlega kjörin í Evrópuráð ungmennahreyfingar Rauða krossins.

Á árinu er ætlunin að setja upp lokaðan vef fyrir sjálfbóðaliða Rauða krossins sem vonandi nýtist vel í starfi deild. Þar verður að finna ýmis gögn, upplýsingar, verklagsreglur og leiðbeiningar. Í hverri viku eru um eitt þúsund heimsóknir á vef Rauða krossins. Í nýrri könnun kom fram að fjórir af hverjum tíu nefndu Rauða krossinn þegar fólk var beðið að nefna það mannúðar- og líknarfélag sem kæmi þeim fyrst í hug.

Auglýst hefur verið á netinu eftir styrktarfélagum og á næstu dögum fara umslög í hvert hús á landinu og verður almenningur beðinn um að setja erlenda smámynt og seðla í umslagið. Þetta er samstarf með Póstinum og Sparisjóðunum. Fljótlega fá allir félagar greiðsluseðil vegna árgjalda og félagsskirteini. Skirteinið virkar líka sem afsláttarkort í völdum verslunum. Meðfram útgáfu skirteinisins hefur verið samið við Olíufélagið ehf. um stuðning við útbreiðslu skyndihjálpar sem skila mun Rauða krossinum um fimm

milljónum kr. Nýlega var sett reglugerð um starfsemi Íslandsspila sem styrkir stöðu okkar á þeim markaði. Þrýst verður á stjórnvöld um að veita einstaklingum og fyrirtækjum meiri skattaávilnanir vegna styrkja þeirra við góðgerðar- og líknarsamtök í samstarfi við fjögur önnur hjálparsamtök.

Í framkvæmdaáætluninni kemur fram að haldið verði áfram að bæta áætlanagerð innan félagsins og þróa mælikvarða fyrir verkefni okkar. Landsskrifstofan hefur einsett sér að veita deildum góða þjónustu. Félagið mun áfram taka þátt í norrænu samstarfi, samstarfi landsfélaga sem veita fjármagni til alþjóðlegs hjálparstarfs en formaður félagsins situr í nefnd Alþjóðasambandsins um þróun og uppbyggingu landsfélaga og Alþjóðasambandsins.

### **Nú heimilaði fundarstjóri almennar umræður um fjárhagsáætlun og framkvæmda-áætlun.**

*Ólafur Ólafsson* sagði að rangt að lítill sem engin kostnaður verði á yfirstandandi ári vegna flóttamanna og hælisleitenda, en um 15. milljónir kr. færu í þann málaflokk. Hins vegar væri kostnaður við þennan lið færður undir innanlandssvið og kæmi því ekki fram sem sérstakur liður.

*Garðar Guðjónsson*, ræddi þá þróun sem orðið hefur á tekjum félagsins af söfnunar-kössunum en að útlitið væri ekki eins dökkt eins og verið hefði því á fyrsta ársfjórðungi hefðu tekjur af kössunum verið að vaxa. Einnig spurði hann hver væri nettó kostnaður félagsins vegna sjúkraflutninga og bað um skýringar á þeim 30 milljónir kr. sem fara í rekstur útbreiðslusviðs. Lýsti hann þeirri skoðun sinni að honum fyndist Rauði kross Íslands gera lítið deginum 8. maí, fæðingardegi frumkvöðulsins en Kópavogsdeild hafi verið með viðburði í tengslum við daginn.

*Ólafur Ólafsson* svaraði því til að vissulega væri það rétt að meiri spilun í söfnunar-kössunum hafi átt sér stað á fyrsta ársfjórðungi þessa árs en taldi varlegt að ganga út frá því að það svo verði það sem eftir er ársins. Rekstur sjúkrabílasjóðs er á bilinu 50–55 milljónir á ársgrundvelli en samningar standa nú yfir við ríkið um framhald samningsins. Gera má ráð fyrir að um 10% af tekjum renni til ríkisins aftur í gegnum sjúkrabílanana.

*Sigrún Árnadóttir* svaraði því til að rétt væri að Rauði kross Íslands hafi ekki gert mikið úr 8. maí sl. en þess verði að gæta að mikið hafi verið um að vera hjá félaginu að undanfögnu en rétt væri að bæta úr þessu á næsta ári. Hvað varðar útbreiðslusviðið væri verkefni sviðsins ekki eingöngu fjáröflun, heldur væri sviðið einnig að sinna ýmsum námskeiðum og kynningum.

Stærstu kostnaðarliðir væru:

v/ fjáraflana		16,5 milljónir
upplýsingastarfa	11	milljónir
fræðsla		2 milljónir
mannúðarstörf	4	milljónir
ungmennastarf	2	milljónir
sjálfboðastörf	2	milljónir
launakostnaður	20	milljónir en samtals næmi
		kostnaðurinn 63 milljónum

*Úlfar Hauksson* sagði að farist hefi fyrir að geta eins formanns en það sé nýkjörinn formaður Kvennadeildar Reykjavíkurdeildar, Sigríður M. Sigurðardóttur. *Anna Þrúður Þorkelsdóttir* lýsti yfir þakklæti sínu og ánægju með að fá að sitja þennan fund og vera samvistum við félagsmenn. Varaði hún við að vera með mikinn barlóm vegna minnkandi tekna félagsins, sagðist ekki kvíða tekjumissi, þar sem að félagið stæði vel. Bað hún fundarmenn að klappa fyrir stjórninni og starfinu sem var gert.

Áætlanirnar voru síðan bornar upp og samþykktar.

## 9. Árgjald félaga deilda fyrir næsta starfsár ákveðið

*Kristján Sturluson varaformaður* kynnti tillögu stjórnar að árgjaldi. Hóf hann mál sitt á því að bjóða fundarmenn velkomna í Mosfellsbæ og vonaðist til að menn ættu þar ánægjulegan dag. Benti hann á að félagsgjaldið rynni óskipt til deilda. Árið 2002 hækkaði árgjaldið úr kr. 800 í kr. 1000 en síðan hefur það verið óbreytt. Lagði hann fram tillögu um að árgjaldið fyrir árið 2006 yrði kr. 1200. Samhliða yrðu gerðar breytingar á innheimtu. Á síðasta ári bötnuðu skil á árgjaldinu, sendir voru út greiðsluseðlar og með því móti var einnig hægt að greiða á netinu. Því fylgir sá ókostur að ekki er hægt að bæta við upphæðina eins og áður var, en þær umframgreiðslur námu um 2 milljónum á síðasta ári.

### Umræður um árgjaldið

*Unnur Hjálmarsdóttir* sagði að hún væri ósammála því að fólk væri látið greiða með sér við sjálfboðin störf og lagði til að þeir félagar sem vildu og gætu væri gefinn kostur á að gerast styrktaraðilar.

Tillagan að árgjaldi borin upp og samþykkt samhljóða.

### Hádegisverðarhlé til kl.14.

Að loknum hádegisverði var farið í skoðunarferð um Mosfellsbæ.

## 10. Lagabreytingar

Fundarstjóri greindi frá ritvillum sem væri að finna í plöggum fundarmanna varðandi lagabreytingar:

Í stað orðsins “íbúaskrá” ætti að koma “íbúafjöldi” og standa ætti í samhengi “fyrir síðasta reikningsár....hafa atkvæðisrétt á fundinum.” Fundurinn samþykkti þessar breytingar.

*Úlfar Hauksson formaður* lagði fram tilögur til breytinga á lögum Rauða kross Íslands, en þær eru fylgiskjal þessarar fundargerðar. Þessar breytingar miða að því að fella lög Rauða kross Íslands að stefnu hreyfingarinnar og laga þau að kröfum Alþjóðasambandsins. Fór hann yfir með hvaða hætti lagabreytingarnar hefðu verið kynntar fyrir félagsmönnum.

### Umræður um lagabreytingar.

*Hildur Flóvenz* tók næst til máls.

Lagði hún til að 3. mgr. 15. gr. laganna verði felld út, þar sem að kveðið er á um að félagar undir 18 ára aldri hafi ekki atkvæðisrétt á aðalfundi.

*Formaður* svaraði því til að ástæða þess að fólk undir 18 ára aldri hefði ekki atkvæðisrétt væri sú að það fólk sé ekki sjálfráða. Þetta aldursmark gilti almennt í félögum á landsvísu. Ef fólk ætli að greiða atkvæði um meðferð fjármuna þá þyrfti það að vera orðið sjálfráða.

*Garðar Guðjónsson* fagnaði áorðnum breytingum á lögnum frá sl. ári. og taldi hann það styrkja lýðræðið innan hreyfingarinnar.

Lagði hann til að í 15. gr. 4.mgr. komi aðalfundur í stað stjórnar og þar með hljóti starfsreglur deilda formlega afgreiðslu aðalfundar en ekki stjórnar.

*Unnur Hjálmarsdóttir* lagði til að allt sem kemur að árgjaldi verði tekið út og að sjálfboðaliðasamningurinn komi þar í staðinn.

*Hildur Flóvenz* sagði það eiga að vera í höndum deilda hvort að þær treystu félögum undir 18 ára aldri til að fara með atkvæðisrétt sinn.

*Unnur Hjálmarsdóttir* benti á að með því að samþykkja að félagar undir 18 ára aldri hafi ekki atkvæðisrétt komi það til með að ná yfir deildir og þar með ungmennahreyfinguna einnig.

*Úlfar Hauksson* sagði að allar þessar ábendingar hefðu verið mikið ræddar í nefndinni og að ýmis rök fyrir því að starfsreglur séu útfærðar með þessum hætti í lagatexta. Ef samþykkja á sérstaklega starfsreglur á aðalfundi væri ekki úr vegi að um aukið atkvæðavægi yrði að ræða svipað og um lagabreytingar.

Alþjóðasambandið kveður á um að það sé í verkahring stjórnar að setja starfsreglur.

*Einar Hólm* spurði um tímasetningu aðalfundar en hann ætti að boða með 4 vikna fyrirvara en breytingar á lögum með 6 vikna fyrirvara. Hann benti á að kosning á aðalfund ætti að ljúka fyrir 15. mars og þá væri ekki komin dagsetning á aðalfund Rauða kross Íslands.

*Formaður* svaraði því til að tímasetning vegna aðalfundar Rauða kross Íslands lægi fyrir löngu fyrir þann tíma og væri oftast ákveðin að hausti.

*Birgir Freyr Birgisson* sagðist sammála Garðari Guðjónssyni og fannst eðlilegt að aðalfundur samþykki starfsreglur. Allir félagar gætu komið að því starfi og fengið að greiða atkvæði, einnig þeir sem væru undir 18 ára aldri.

*Hörður Högnason* sagðist beggja blands varðandi þá sem að ekki hafi náð 18 ára aldri og hefði skilning á málstað beggja aðila. Hvaða varðaði félagsgjald þá liti hann á það sem framlag til styrktar starfseminni. Margir kæmu ekkert að málum með öðrum hætti en vildu gjarnan styrkja starfið, því kæmi sjálfboðaliðasamningurinn ekki í staðinn.

*Hildur Flóvenz* lagði til að félagar undir 18 ára aldri hafi atkvæðisrétt á fundum félagsins.

Fundarstjóri bar síðan breytingartillögur upp:

1. Tillaga um að 3. mgr. 15. gr. verði feld út þar sem kveður á um að félagar undir 18 ára aldri hafi ekki kosningarétt.

7 greiddu atkvæði með tillögunni, þorri atkvæða á móti. Tillagan felld.

2. Breyting á 15. gr. þar sem að lagt er til að í stað stjórnar komi aðalfundur sem samþykkja skuli starfsreglur deild.

13 greiddu atkvæði með tillögunni, meirihluti á móti. Tillagan felld.

3. Breyting á 4. gr. 3. mgr. um að félagsaðild verði bundin við

sjálfboðaliða-

samninginn.

3 greiddu tillögunni atkvæði, þorri atkvæða á móti. Tillagan felld.

Fundarstjóri óskaði eftir leyfi fundarins til að bera upp lagabreytingarnar í heild sinni. Var það samþykkt samhljóða.

Tillögurnar að lagabreytingum voru síðan bornar upp og samþykktar samhljóða.

## 11. Kosning stjórnarmanna samkvæmt 6. gr.

*Jóhannes Rúnar Jóhannsson formaður kjörstjórnar flutti tillögur kjörnefndar.*

Tillaga nefndarinnar er að eftirtaldir einstaklingar sem lokið hafa kjörtímabili sínu í stjórn félagsins verði endurkjörnir:

Hörður Högnason sem fyrst var kjörinn 1999.

Karen Erla Erlingsdóttir sem fyrst var kjörin 2001.

Pálín Dögg Helgadóttir sem fyrst var kjörin 2002

Þór Gíslason sem fyrst var kjörinn 2003

Torben Friðriksson hefur setið í stjórn félagsins í 8 ár og á því ekki kost á endurkjöri.

Nefndin gerir að tillögu sinni að Garðar Guðjónsson, Kópavogi, verði kjörinn til setu í stjórn Rauða kross Íslands til næstu tveggja ára.

Ekki komu fram fleiri tillögur og voru því ofangreindir réttkjörnir í stjórn félagsins.

## 12. Umræður um helstu stefnumál og markmið

*Kristján Sturluson mælti fyrir tillögu um Hjálparsímann.*

Tillaga til aðalfundar Rauða kross Íslands 21. maí 2005 :

Átta prósent af kassatekjum deilda sem áður runnu til athvarfsins og unglingsímans í Rauða kross húsinu renni til Hjálparsíma Rauða krossins 1717 og verði sú tilhögun endurskoðuð á aðalfundi árið 2008.

### Umræður um Hjálparsímann

*Garðar Guðjónsson* kvaðst ekki efast um ágæti verkefnisins, en efast um að rétt sé að samþykka þá tillögu sem að tekur fram fyrir hendur deilda við gerð fjárhagsáætlana. Með þessu sé verið að brjóta á forræði deilda. Leggur til að aðalfundur samþykki hvatningu til deilda um að þær leggi allt að 8% kassatekna sinna til Hjálparsímans. Taldi að tillagan bryti jafnvel í bága við lög félagsins og vill að deildir fái að ákveða þetta sjálfar.

*Rúnar Helgason* tók undir með Garðari og lagði til að málið yrði tekið upp á næsta ári.

*Úlfar Hauksson* áréttaði að þó svo að þessi ráðstöfun yrði gerð nú minnti hann á það sem að hann hefði áður sagt varðandi vinnu þá sem færi í hönd varðandi breytingar á tekjuskiptingunni.



*Nanna Ásgeirsdóttir* þakkaði hlý orð í garð Hjáparsímans en minnti á að ekkert gerðist að sjálfum sér, hugur einn væri ekki nægur, það þyrfti fjármagn.

*Kristján Sturluson* féllst ekki á að þessi tillaga stangaðist á við lög félagsins. Sagði hann alla sammála um gildi verkefnisins og að þetta sé verkefni sem að yrði til framtíðar. Hann lagði til að gerð yrði sú breyting á tillögunni að aðalfundur Rauða kross Íslands kæmi þeim tilmælum til deilda að allt að 8% kassatekna rynni til Hjáparsímans.

Tillagan yrði því svohljóðandi:

Aðalfundur Rauða kross Íslands haldinn 21. maí 2005 beinir þeim tilmælum til deilda að þær greiði sem svarar átta prósent af kassatekjum deilda, sem áður runnu til athvarfsins og unglingsímans í Rauða kross húsinu, til Hjáparsíma Rauða krossins 1717 og verði sú tilhögun endurskoðuð á aðalfundi árið 2008.

*Garðar Guðjónsson* þakkaði aðalfundarfulltrúum fyrir að treysta honum til að starfa í stjórn Rauða kross Íslands. Kvað hann sig sammála þeim breytingum sem orðið hefðu, á tillögunni þar sem að ljóst væri að um sameiginlegan skilning væri að ræða.

Tillagan var síðan borin upp og samþykkt samhljóða.

Kaffihlé

### **Samstæðureikningur**

*Torben Friðriksson*, mælti fyrir tillögu um samstæðureikning fyrir félagið, en áður sagði hann frá nýstofnuðum Rauða kross hópi sem samanstendur af fyrrverandi stjórnarmönnum í Rauða kross Ísland.

Fyrri áfangi við að koma á samstæðureikningi fyrir allt landsfélagið miðast við eftirfarandi:

- a) Samandregnar upplýsingar úr bókhaldi deilda verði settar inn í Agressó-bókhaldskerfi Rauða krossins. Útbúið verði staðlað form/eyðublað fyrir þessar samandregnu upplýsingar til að tryggja samræmingu í framsetningu. Útfyllt form/eyðublað verði síðan hluti af ársreikningi deildar.
- b) Samandregnar upplýsingar úr bókhaldi deilda verði safnað saman á landsskrifstofu og þar verði þær bókaðar inn í Agressókerfið.
- c) Lögum Rauða kross Íslands verði breytt í þá veru að deildir skuli halda aðalfundi sína og skila ársreikningum eigi síðar en 15. mars ár hvert. Jafnframt verði kveðið á um í lögum að samandregnar upplýsingar úr bókhaldi vegna samstæðureiknings séu hluti af ársreikningi deildar.
- d) Gerður verði samstæðureikningur fyrir alla starfsemi Rauða kross Íslands fyrir aðalfund 2006 vegna ársins 2005.

Síðari áfangi miðast við að þróa áfram reikningshald Rauða krossins:

- a) Stærstu deildir Rauða kross Íslands færi allt fjárhagsbókhald sitt beint inn í Agressóbókhaldskerfið frá 1. janúar 2007. Fyrsti ársreikningurinn samkvæmt því fyrirkomulagi verði gerður á árinu 2008 vegna ársins 2007. Undirbúningur að þessu verði fyrst. Deildirnar sem um ræðir eru Reykjavíkudeild, Kópavogsdeild, Hafnarfjarðardeild, Akureyrardeild, Suður-nesjadeild, Árnesingadeild, Garðabæjardeild, Kjósarsýsludeild og Akranesdeild.
- b) Allt fjárhagsbókhald annarra deilda en að ofan greinir verði fært inn í Agressókerfið frá og með 1. janúar 2008. Fyrsti ársreikningur samkvæmt því fyrirkomulagi verði gerður árinu 2009 vegna ársins 2008. Bókhaldsgögn verði vistuð hjá hverri deild fyrir sig en bókhald verði skráð inn í Agressókerfið af einum aðila á hverju svæði með reglulegu millibili í samvinnu við gjaldkera deilda.

*Torben Friðriksson* sagði að allur kostnaður við breytingarnar verði greiddur af landsskrifstofu.

### **Umræður um samstæðureikning**

*Rúna Hilmarsdóttir* spurðist fyrir um hvort Agressókerfið hefði aukinn kostnað í för með sér fyrir deildir.

*Torben Friðriksson* sagði það skoðun vinnuhópsins um gerð samstæðureiknings og stjórnar félagsins að ekki ætti að hljóta af því kostnaður hjá deildum. Hvað varðaði aðgang, þ.e.a.s. áskriftargjald að Agressókerfinu í framtíðinni treysti hann sér ekki til að segja til um.

Tillagan var síðan borin upp og samþykkt samhljóða.

### **13. Önnur mál**

*Örn Ragnarsson* sagði frá fataflokkunarverkefninu og nýjum samningi sem skrifað var undir þennan dag. Sagði að 850 tonn af fatnaði hefðu safnast á síðasta ári. Hluti hefði verið fluttur út, hluti færi í verslunina að Laugavegi 12, hluta fatnaðarins væri úthlutað til þurfandi. Fatnaði var úthlutað til 1260 einstaklinga, einnig var úthlutað til fangelsa, stofnana og neyðarmóttöku spítalanna. Hann sagði þetta vera mjög gott sjálfbóðaliðverkefni og hefðu sjálfbóðaliðar skilað um 8000 vinnutímum á síðasta ári.

Tekjuafgangur af verkefninu fer í Hjálparsjóð, en á síðustu þremur árum hafa tekjur numið 9 milljónum. Las hann gjafabréf vegna hagnaðar frá árinu 2004 upp á 2 millj. króna og afhenti formanni.

*Formaður* þakkaði Erni og öllum þeim sem komið hefðu að verkefninu. Sagði hann frá því að formenn á höfuðborgarsvæðinu hefðu einnig skrifað undir samstarfssamning um neyðarvarnir á svæðinu.

*Þór Gíslason* þakkaði fyrir endurkjörið í stjórn félagsins og óskaði Garðari til hamingju og bauð hann velkominn í stjórnina. Lýsti hann ánægju með nýorðna samþykkt á lögum félagsins en kvaðst ekki sammála Garðari um að lýðræðið hefði náð fram að ganga. Sér fyndist að lýðræðið væri ekki alveg að virka innan Rauða kross Íslands, það væri byggt upp á deildum félagsins. Meirihluti deilda hefði viljað halda aðalfund annað hvert ár en meirihluti atkvæða réði úrslitum. Vildi hann ræða hvort atkvæðavægi kæmi lýðræðinu betur fram.

*Magnús Pétursson* mótmælti því að Rauði krossinn væri byggður upp af deildum, hann væri byggður upp af sjálfbóðaliðum og ættu því stærri deildir að hafa meiri atkvæðavægi.

Fundarstjóri, Árni Gunnarsson, þakkaði fundarmönnum fyrir samstarfið og gaf formanni Rauða krossins orðið.

*Úlfar Hauksson* þakkaði fyrir góðan fund og sagði að greinilega væri hægt að halda aðalfund á einum degi þar sem að við værum á undan áætlun. Óskaði hann nýkjörnu stjórnafólki til hamingju og þá sérstaklega Garðari Guðjónssyni. Þakkaði hann Torben Friðrikssyni fyrir hönd stjórnar og allra hér inni það að hafa verið traustur og glaður félagi sl. átta ár.

*Torben Friðriksson* þakkaði fyrir sig en sagði það ekki rétt að hann væri búinn að sitja í stjórn í átta ár þar sem að einungis væri um 7 ár 8 mánuði 24 daga að ræða, en hann hefði verið kosinn í stjórn á haustdögum 1997.

*Úlfar Hauksson formaður* þakkaði bæjarstjóra Mosfellsbæjar, Kjósarsýsludeild, kjörnefnd, framkvæmdastjóra og starfsmönnum fundarins fyrir sín störf. Færði hann fundarstjóra sérstakar þakkir fyrir stjórnarsetu hans í Íslandsspilum. Að lokum þakkaði hann fundarmönnum samveruna þennan dag. “Þungi starfsins hvílir á ykkur, en Rauði kross Íslands er styrk hreyfing með ágæta hugsjón” sagði formaðurinn að lokum og sleit fundinum.

## **Fundarslit**

Aðalfundi Rauða kross Íslands slitið kl. 16:28

Kvöldverður og skemmtun í Hlégarði kl. 19:30

## **Þingskjöl lögð fram á fundinum:**

- Fundargerð síðasta aðalfundar
- Endurskoðaðir reikningar síðasta reikningsárs
- Rekstraráætlun fyrir Rauða kross Íslands árið 2005
- Tillaga að árgjald
- Tillögur starfshóps um breytingar á lögum Rauða kross Íslands
- Tillaga kjörnefndar
- Tillaga stjórnar varðandi Hjálparsímann
- Tillaga stjórnar varðandi gerð samstæðureiknings fyrir Rauða kross Íslands.